

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 110/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2004/117/EB frá 22. desember 2004 um breytingu á tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB að því er varðar prófanir sem fara fram undir opinberu eftirliti og að því er varðar jafngildi fræs sem er framleitt í þriðju löndum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/117/EB frá 7. febrúar 2005 um að halda áfram á árinu 2005 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2004, á fræi og fjölgunarefni Gramineae, *Medicago sativa* L. og *Beta* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 2002/54/EB <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE), 11. lið (tilskipun ráðsins 2002/54/EB), 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) og 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í 1. hluta:  
„- **32004 L 0117**: Tilskipun ráðsins 2004/117/EB frá 22. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/5/EB) í 2. hluta:  
„40. **32005 D 0114**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/117/EB frá 7. febrúar 2005 um að halda áfram á árinu 2005 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, sem hófust árið 2004, á fræi og fjölgunarefni Gramineae, *Medicago sativa* L. og *Beta* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 2002/54/EB (Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2005, bls. 8).“

*2. gr.*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2005, bls. 8.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/117/EB og ákvörðunar 2005/114/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.